

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um aðgerðir vegna greiðsluferfiðleika.

Frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur.

- Hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða eða gera ráðstafanir til að fyrirbyggja að einstaklingar lendi í greiðsluferfiðleikum á næstunni vegna hárra vaxta og verðbólgu? Ef svo er, hvaða aðgerðir eða ráðstafanir eru það?
- Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef sú staða kemur upp að mikill fjöldi einstaklinga lendir í greiðsluferfiðleikum á næstunni vegna hárra vaxta og verðbólgu og gæti komið til greina að grípa til almennra aðgerða ef svo fer?
- Telur ráðherra koma til greina að leggja til breytingar á lögum eða reglum til að gefa neytendum kost á að setja þak á greidda nafnvexti svo að greiðslubyrði haldist í takt við viðmið lánþegaskilyrða eins og var bent á sem möguleika í yfirlýsingu fjármálastöðugleikanefndar Seðlabanka Íslands 7. júní 2023?
- Telur ráðherra koma til greina að beita sér fyrir breytingum á reglum um hámark greiðslubyrðar fasteignalána í hlutfalli við tekjur neytenda svo að einstaklingar sem kjósa að breyta óverðtryggðum lánum í verðtryggð lán vegna vaxtahækkana eigi þess kost að breyta þeim aftur í óverðtryggð lán síðar án teljandi hindrana?

Skriflegt svar óskast.